

Dómsmálaráðuneytið

Skúlagata 4

101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. nóvember 2025.

Efni: Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um drög að skýrslu um alþjóðasamninginn um afnám alls kynþáttamisréttis.

Mannréttindastofnun Íslands (MAÍ) telur skýrslu um alþjóðasamninginn um afnám kynþáttamisréttis vel unna og ítarlega og er ekki með sérstakar athugasemdir um efni hennar. Stofnunin vill þó benda á athyglisverða rannsókn sem m.a. varpar ljósi á stöðu innflytjenda sem búa og starfa í dreifbýli á Íslandi, sbr. grein í vísindatímaritinu Social Inclusion: [View Issue | Social Inclusion](#)

Ljóst er að stjórnvöld hafa gripið til ýmissa aðgerða og úrræða til að verða við lokaathugasemdum úr síðustu úttekt nefndarinnar sem starfar á grundvelli samningsins. Þó ýmis jákvæð skref hafi verið stigin, skortir þó á að tilmælum nefndarinnar hafi verið framfylgt að fullu og hyggst MAÍ m.a. benda nefndinni á eftirfarandi atriði í viðbótarskýrslu sinni við skýrslu stjórnvalda:

- Innflytjendur eiga nú ekki vól á ókeypis lögfræðiráðgjöf með túlki eins og verið hefur og Mannréttindaskrifstofa Íslands sinnti samkvæmt samningi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið (núverandi heiti). Innflytjendur eiga oft undir högg að sækja þar sem þeir, oft og tíðum, þekkja ekki réttindi sín og skyldur, hafa mestan part aðeins aðgang að láglaunastörfum og eru því oft í viðkvæmri stöðu og eiga á hættu ýmiss konar misnotkun og hagnýtingu. Ef þeir reyna að leita réttar síns er þeim erfitt um vik af framangreindum ástæðum. Erlendir brotáþolar ofbeldis geta að vísu leitað sér lögfræðiráðgjafar í móttökumiðstöðvum fyrir brotáþola ofbeldis en Kvennaráðgjöfin sinnir ráðgjöfinni nú í sjálfboðavinnu og alls óvíst að hún haldi því áfram fáist ekki fjármagn til að halda ráðgjöfinni gangandi.
- Þrátt fyrir ýmsa þróun í jákvæða átt svo sem breytingar á hegningarlögum, fjölmiðlalögum og aukið gildissvið mismununarlöggjafar, þá telur MAÍ skorta á aðgerðir og úrræði gegn hatursglæpum og hatursorðræðu. Það er engin ein heildstæð áætlun um baráttu gegn hatursorðræðu en þingsályktunartillaga um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026 var lögð fram á 153. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. MAÍ telur brýnt að heildstæð áætlun um aðgerðir gegn hatursorðræðu, haturstjáningu og hatursglæpum sé til staðar.

Jafnframt telur stofnunin að bæta þurfi skráningu varðandi hatursglæpi svo skrá megi hatursglæp sérstaklega en í núgildandi lagaumhverfi er hatursglæpur ekki sjálfstætt brot.


- Bæta þarf skráningu og tölfræði t.d. varðandi þjóðlegan uppruna eða þjóðernisuppruna (e. ethnicity) svo kortleggja megi betur þá hópa sem búsettir eru hér á landi og stöðu þeirra. Til dæmis má nefna hátt hlutfall innflytjenda á atvinnuleysisrá, er það almennt eða tengist það tilteknum hópum eða þjóðernum? Út frá þeim upplýsingum mætti vinna aðgerðir til að sporna við núverandi ástandi.
- Gera þarf brotapolum mansals kleift að fá dvalarleyfi, t.d. með rétti til atvinnu og að þeir eigi jafnframt möguleika á leyfi sem telur upp í ótímabundið dvalarleyfi. Þá ættu brotapolar mansals sem átti sér stað í öðru landi að fá sömu þjónustu og leyfi eins og þeir sem sæta mansali hér á landi.

Svo ákvæði 26. gr. samningsins Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali séu uppfyllt þarf að samþykkja sérstakt lagaákvæði um refsileysi brotþola mansals vegna þátttöku þeirra í ólögumætri starfsemi, að því leyti sem þau voru þvinguð til þátttöku og/eða að útbúa sérstakar verklagsreglur fyrir lögreglu og ákærendur um hvenær falla skuli frá saksókn í slíkum tilvikum. Hnykkja þyrfti og á að samþykki brotþola skipti ekki máli ef beitt var þeim aðferðum sem taldar eru upp í 1. mgr. 227. gr. a laga nr. 19/1940, en slíkt ákvæði er að finna í b-lið 3. gr. Evrópuráðssamningsins.

- Huga þarf betur að stöðu erlendra kvenna hvað varðar einangrun og úrræði vegna ofbeldis og stöðu innflytjenda almennt, til dæmis hvað varðar menningarnám og menningarläsi, mat og viðurkenningu á menntun og stöðu á íslenskum vinnumarkaði.
- Ýmsar góðar aðgerðir eru fyrirhugaðar og í gangi varðandi fræðslu og vitundarvakningu. Þó er fátt um kærur til kærunefndar jafnréttismála, á grundvelli mismununar af öðrum ástæðum en vegna kyns, og hætt er við því að vanþekkingu á mismununarlöggjöfinni sé um að kenna. Því þyrfti að fara af stað með vitundarvakningu um löggjöfina og vekja sérstaka athygli á hlutverki nefndarinnar. Slíka vitundarvakningu ætti og að endurtaka reglulega.
- Tímabundin atvinnuleyfi eru enn gefin út til starfa hjá tilteknum vinnuveitendum í stað útgáfu leyfis til að vinna á tilteknu sviði til dæmis. Þessu þarf að breyta en þó með því fororði að viðhaft verði eftirlit með því að ekki sé brotið á erlendum launþegum, að meðal annars verði tryggt áfram það eftirlit og verið hefur hjá viðkomandi stéttarfélögum og ASÍ.

Að lokum bendir Mannréttindastofnun Íslands á að hlutverk hennar er meðal annars að vera opinberum aðilum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um skýrsluna eða önnur málefni sem varða mannréttindi.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands